



Reykjavík, 18. janúar 2013.

Bæjarráð Hafnarfjarðar

Stjórn Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins bs. (SHS) samþykkti fyrir sitt leyti á stjórnarfundum 23. nóvember 2012 tillögu fjármálastjóra aðildarsveitarfélaganna um fjármögnun byggingar nýrrar slökkvistöðvar við Skarhólabraut í Mosfellsbæ. Tillagan fól í sér að helmingur áætlaðs kostnaðar, um 508 m.kr. miðað við vísitölu janúar 2013, yrði fjármagnaður með auknu stofnframlagi sveitarfélaganna á árinu 2013 og hinn helmingurinn með lántöku.


Á fundi sínum þann 18. janúar 2013 fól stjórn SHS slökkviliðsstjóra að leita tilboða í lánahluta fjármögnunarinnar og jafnframt að leita nauðsynlegra heimilda bæjarráða til lántöku í samræmi við 16. gr. stofnsamnings SHS, dags. 31. maí 2000.


Undirritaður óskar því hér með eftir því fyrir hönd stjórnar SHS að bæjarráð veiti heimild til lántöku vegna framkvæmda að Skarhólabraut, allt að 254 milljónum króna.

Samhljóða bréf er lagt fram í stjórnun hinna aðildarsveitarfélaganna fimm.

Virðingarfyllt,

f.h. stjórnar Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins bs.


Jón Viðar Matthíasson
slökkviliðsstjóri

	Hafnarfjarðarbær
Innk:	22.1.2013
Málsnr:	130 1590
Bréfal:	561